

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 215/2016

2018/EES/22/09

frá 28. október 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB ⁽¹⁾.
- 2) XIII. og XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 0757**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55).“*2. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21av (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21av. **32015 R 0757**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55).“*3. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/757, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*4. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55.^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.